

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 134

12. júní 2024

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans 12. júní 2024 kl. 16:00.

Mætt: Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

Formaður setti fundinn, bauð alla velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Erindi frá Nemendagörðum Menntaskóla Borgarfjarðar

Framlögð umsókn frá Nemendagörðum Menntaskóla Borgarfjarðar um vilyrði fyrir 12% stofnframlagi vegna uppbyggingar 12 námsmannaíbúða. Einnig lögð fram drög að kostnaðaráætlun og sviðsmyndagreining fyrir rekstur. Inga Dóra Halldórsdóttir tók til máls undir þessum lið, fyrir hönd byggingarnefndar Borgarbrautar 63 og fór yfir stöðu verkefnisins meðal annars hönnunargögn og útboðsgögn.

Stjórn samþykkti eftirfarandi bókun samhljóða: „Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar tekur vel í beiðni Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar og er reiðubúin að veita vilyrði fyrir stofnframlagi í samræmi við framlögð gögn og að undangengnu samræði við Mennta- og barnamálaráðuneytið. Stofnframlag Menntaskóla Borgarfjarðar skv. áætlun er að fjárhæð um 34 m.kr.

2. Aðalfundur Nemendagarða Borgarfjarðar

Boðað hefur verið til aðalfundar Nemendagarða MB ehf, fimmtudaginn 14. júní klukkan 10:00. Skólameistara var falið að sækja fundinn fyrir hönd MB sem hluthafa félagsins.

3. Starfsmannamál MB

Skólameistari fór yfir starfsmannamál MB fyrir skólaárið 2024-2025.

4. Önnur mál

- Skólameistari fór yfir innritunartölur haustsins 2024.

Fleira var ekki gert og fundi lauk kl. 17:00